

**Sp.**

**53. Tillaga til þingsályktunar**

**[48. mál]**

um athugun á hafnarstæðum.

Flm.: Ásgeir Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara á sumri komanda athugun á hafnarstæðum á eftirtöldum stöðum: á Papaósi austan Vestra-Horns, í Njarðvík á Borgarfirði eystra, á Lóninu inn af Nýpsfirði við norðanverðan Vopnafjörð, í Eiðisvík á Langanesi, á Fjallahöfn við vestanverðan Axarfjörð, við Höfðavatn innan Þórðarhöfða í Skagafirði.

**Greinargerð.**

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að miklar hafnleysur eru víða á landi voru og að hafna er brýn þörf til þess að tryggja afkomu fólksins, sem úti á landsbyggðinni býr og á við örðugleika að etja í þessu efni. Yrði of langt mál að fara frekar út í það í greinargerð með tillögu þessari. Verða einstök atriði málsins nánar skýrð í framsögu.